

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Taka á móti heilögum anda

Öldungur David A. Bednar
í Tólfpostulasveitinni

Boðskapur minn fjallar um mikilvægi þess að reyna í okkar daglega lífi að taka í raun á móti heilögum anda. Ég bið um anda Drottins með okkur, að hann fræði og uppbyggi okkur öll.

Gjöf heilags anda

Í desember árið 1839, er Joseph Smith og Elias Higbee voru í Washington, D.C., og reyndu að fá bætt úr því ranglæti sem hinir heilögu höfðu þolað í Missouri, rituðu þeir eftirfarandi til Hyrums Smith: „Í viðtali okkar við forsetann [Bandaríkjanna], spurði hann okkur ítarlega út í það hvað skildi okkar trúarbrögð frá öðrum trúfélögum samtímans. Bróðir Joseph sagði okkur hafa ólíkan hátt á við skírn og veitingu gjafar heilags anda með handayfirlagningu. Við teldum öll önnur ágreiningsmál varða gjöf heilags anda” (*Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* [2007], 97).

Heilagur andi er þriðji meðlimur Guðdómsins; hann er andavera og ber vitni um allan sannleika. Í ritningunum er heilagur andi sagður vera huggari (sjá Jóh 14:16–27; Moró 8:26), kennari (sjá Jóh 14:26; K&S 50:14) og opinberari (sjá 2 Ne 32:5). Opinberanir frá föðurnum og syninum veitast fyrir milligöngu heilags anda. Hann er sendiboði föðurins og sonarins og vitnar um þá.

Heilagur andi birtist körlum og konum á jörðinni bæði sem kraftur og gjöf heilags anda. Sá kraftur getur komið yfir einstakling fyrir skírn hans; hann er hið sannfærandi vitni um að Jesús Kristus sé frelsari okkar og lausnari. Fyrir kraft heilags anda geta einlægir trúarnemar hlotið sannfæringu um sannleiksgildi fagnaðarerindis frelsarans, um Mormónsbók, um raunveruleika endurreisnarinnar og spámannlega köllun Josephs Smith.

Gjöf heilags anda er aðeins veitt eftir rétta og lögmæta skírn, með handayfirlagningu þeirra sem hafa Melkisedeksprestðæmið. Drottinn lýsti yfir:

„Já, iðrist og látið skírast, hver og einn, til fyrirgefningar syna yðar. Já, látið skírast af vatni, og síðan kemur skírn af eldi og af heilögum anda. ...

Og hverja þá, sem trúa, skuluð þér staðfesta í kirkju minni með handayfirlagningu, og ég mun veita þeim gjöf heilags anda“ (K&S 33:11, 15).

Páll postuli gerði Efesusmönnum þetta sérstaklega ljóst er hann spurði:

„Fenguð þér heilagan anda, er þér tókuð trú? Þeir svöruðu: Nei, vér höfum ekki einu sinni heyrt, að heilagur andi sé til.

Hann sagði: Upp á hvað eruð þér þá skírðir? Þeir sögðu: Skírni Jóhannesar.

Þá mælti Páll: Jóhannes skírði iðrunarskírni og sagði lýðnum að trúa á þann, sem eftir sig kæmi, það er á Jesú.

Þegar þeir heyrðu þetta, létu þeir skírast til nafns Drottins Jesú.

Er Páll hafði lagt hendur yfir þá, kom heilagur andi yfir þá“ (Post 19:2–6).

Skírni með niðurdýfingu er „inngangs helgiathöfn fagnaðarerindisins og nauðsynlegt [er] ... að fylgja [henni] eftir með veitingu á gjöf heilags anda svo að hún sé fullkomnuð“ (Leiðarvísir að ritningunum, „Skírni, skíra,“ 618). Spámaðurinn Joseph Smith sagði: „Skírni er helgiathöfn sem kemur á undan viðtöku á gjöf heilags anda. Hún er leið og lykill að veitingu heilags anda. Gjöf heilags anda með handayfirlagningu verður ekki veitt eða móttekin samkvæmt neinum öðrum reglum en reglum réttlætisins“ (*Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith, 95*).

Sú helgiathöfn, að staðfesta nýjan meðlim kirkjunnar og veita honum gjöf heilags anda, er hvortveggja í senn einföld og þýðingarmikil. Verðugir Melkisedeksprestdæmishafar leggja hendur á höfuð viðkomandi og nefna hann eða hana með nafni. Síðan er viðkomandi staðfestur meðlimur Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, með valdi hins heilaga prestdæmis og í nafni frelsarans, og þessi mikilvægu orð eru sögd: „Meðtak hinn heilaga anda.“

Einfaldleiki þessarar helgiathafnar kann að valda því að okkur sést yfir mikilvægi hennar. Þessi fjögur orð – „meðtak hinn heilaga anda“ – eru ekki óvirk yfirlýsing; heldur felast í þeim prestdæmisfyrirmæli – gild áminning um að hafa áhrif en verða ekki aðeins fyrir áhrifum (sjá 2 Ne 2:26). Heilagur andi verður ekki virkur í lífi okkar aðeins af því að hendur eru lagðar á höfuð okkar og þessi fjögur mikilvægu orð eru sögd. Þegar við tökum á móti þessari helgiathöfn, samþykkjum við þá helgu og viðvarandi ábyrgð að þrá, leita, vinna og lifa þannig að við getum sannlega „meðtekið hinn heilaga anda“ og meðfylgjandi andlegar gjafir hans. „Því að hvað gagnar það manningum, ef gjöf er honum gefin og hann veitir gjöfinni ekki viðtöku? Sjá, hann gleðst ekki yfir því, sem honum er gefið, né heldur gleðst sá, sem gjöfina gefur“ (K&S 88:33).

Hvað ber okkur að gera til að þessi gilda áminning um að leita samfélags þriðja meðlims Guðdómsins verði viðvarandi raunveruleiki? Ég legg til að nauðsynlegt sé að (1) þrá af einlægni að taka á móti heilögum anda; (2) að bjóða heilögum anda réttilega inn í líf okkar; og (3) hlýða staðfastlega boðorðum Guðs.

Þrá af einlægni

Fyrst ættum við að þrá samfélag heilags anda og leita eftir því. Við getum lært mikilvæga lexíu um réttláta þrá af hinum trúföstu lærisveinum meistarans, sem greint er frá í Mormónsbók.

„Og hinir tólf kenndu mannfjöldanum. Og sjá. Þeir létu mannfjöldann krjúpa á yfirborði jarðar og biðja til föðurins í nafni Jesú. ...

Og þeir báðu um það, sem þeir þráðu heitast. Þeir þráðu, að heilagur andi mundi veitast þeim“ (3 Ne 19:6, 9).

Höfum við það hugfast að biðja af einlægni og staðfastlega um það sem við ættum að þrá heitast, já, heilagan anda? Eða látum við fremur áhyggjur heimsins og daglegar lífsvenjur trufla okkur og tökum þessa dýrmætustu allra gjafa sem sjálfgefna og jafnvel vanrækjum hana? Að taka á móti heilögum anda hefst með einlægri og stöðugri þrá eftir samfélagi hans.

Bjóða réttilega

Við verðum fúsari að taka á móti og þekkja anda Drottins þegar við bjóðum honum réttilega inn í líf okkar. Við getum ekki beitt heilagan anda þvingun eða skipað honum að koma. Við ættum fremur að bjóða honum inn í líf okkar með samskonar ljúfleika og mildi og felst í hvatningu hans til okkar (sjá K&S 42:14).

Boð okkar um samfélag við heilagan anda á sér stað á marga vegu: Með því að gera og halda sáttmála; með því að biðja af einlægni í einrúmi og með fjölskyldunni; með því að kanna ritningarnar af kostgæfni; með því að styrkja viðeigandi samband við fjölskyldu og vini; með því að leita dyggðugra hugsana, verka og málfars; og með því að tilbiðja á heimilum okkar, í helgum musterum og í kirkju. Andstæða þessa hrekur andann í burtu eða heldur honum algjörlega frá okkur, ef við sýnum sáttmálum okkar kæruleysi eða brjótum þá og boðorðin, látum hjá líða að biðja og læra ritningarnar og temjum okkur óviðeigandi hugsanir, breytni og málfar.

Benjamín konungur kenndi fólki sínu eftirfarandi: „Og nú segi ég yður, bræður mínir, að ef þér, eftir að hafa öðlast vitneskju um þessi mál og notið tilsagnar um þau, brytuð eða

gengjuð gegn því, sem sagt hefur verið, þá dragið þér yður frá anda Drottins, þannig að hann hefur ekkert svigrúm í yður til að leiða yður á vegum viskunnar, yður til blessunar, velmegunar og varðveislu“ (Mósía 2:36).

Hlýða staðfastlega

Nauðsynlegt er að halda boðorð Guðs af staðfestu til að taka á móti heilögum anda. Í hverri viku erum við minnt á þann sannleika þegar við hlustum á sakramentisbænirnar og meðtökum verðug brauðið og vatnið. Þegar við heitum því að vera fús til að taka á okkur nafn Jesú Krists, að hafa hann ávallt í huga og halda boðorð hans, er okkur heitið því að við munum ætíð hafa anda hans með okkur (sjá K&S 20:77). Þannig er öllu því sem fagnaðarerindi frelsarans kennir okkur að gera og verða ætlað að blessa okkur með samfélagi heilags anda.

Hugleiðið ástæður þess að við biðjum og lærum ritningarnar. Já, við þráum að eiga bænarsamband við himneskan föður í nafni sonar hans. Og, já, við þráum að taka á móti ljósinu og þekkingunni sem felast í helgiritunum. En hafið í huga að þessar helgu venjur eru aðallega ætlaðar okkur til að muna ætíð eftir himneskum föður og hans ástkæra syni og eru forsendur að stöðugu samfélagi heilags anda.

Ígrundið ástæður þess að við tilbiðjum í húsi Drottins og á hvíldardagssamkomum okkar. Já, við þjónum okkar látnu ættmönnum í musterinu – og fjölskyldum okkar og vinum í þeim deildum og greinum sem við tilheyrum. Og, já, við njótum réttláts félagslífs meðal bræðra okkar og systra. En aðallega komum við einhuga saman til að leita blessana og leiðsagnar heilags anda.

Bænergjörð, nám, samkomur, tilbeiðsla, þjónusta og hlýðni eru ekki einangruð og óháð fyrirbæri á löngum lista yfir trúaratriði sem þarf að uppfylla. Hver þessara réttlátu athafna er fremur mikilvægur þáttur í þeirri andlegu viðleitni okkar að uppfylla þá tilskipun að taka á móti heilögum anda. Boðorð Guðs sem við höldum og innblásin leiðsögn kirkjuleiðtoga sem við fylgjum, eru aðallega til þess ætluð að leiða okkur til samfélags við andann. Í grundvallaratriðum miða allar kenningar og athafnir fagnaðarerindisins að því að við komum til Krists með því að taka á móti heilögum anda í lífi okkar.

Við ættum að keppa að því að líkjast hinum ungu stríðsmönnum sem greint er frá í Mormónsbók, er „hlýddu hverri skipun og gættu þess að framkvæma hana af nákvæmni. Já, og þeim varð að trú sinni. ... Og þeir [gættu] þess stranglega að minnast Drottins Guðs síns dag frá degi. Já, þeir [gættu] þess að halda stöðugt reglur hans og ákvæði og boð hans“ (Alma 57:21; 58:40).

Vitnisburður

Drottinn hefur sagt að Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu sé „[hin eina sanna] og lifandi [kirkja] á gjörvallri jörðunni“ (K&S 1:30). Þessi endurreista kirkja er sönn sökum þess að hún er kirkja frelsarans; hann er „vegurinn, sannleikurinn og lífið“ (Jóh 14:6). Og hún er lifandi kirkja sökum virkni og gjafa heilags anda. Hve blessuð við erum að lifa á þeim tíma er prestdæmið er á jörðunni og við getum tekið á móti heilögum anda.

Nokkrum árum eftir að spámaðurinn Joseph Smith var myrtur, birtist hann Brigham Young forseta og miðlaði honum þessari eilífu leiðsögn:

„Segðu fólkinu að vera auðmjúkt og staðfast og hafa örugglega anda Drottins, sem mun leiða það rétta leið. Að gæta sín á að hrekja ekki burtu hina lágu og hljóðlátu rödd. Hún mun segja [ykkur hvað] gera skal og hvert halda skal og leiða fram ávexti ríkisins. Segðu bræðrunum að vera opnir í hjarta, þannig að þegar heilagur andi kemur til að sannfæra þá, verði þeir viðbúnir því í hjarta að hlýða á hann. Hann mun hvísla friði og gleði í sálir þeirra og afmá illgirni, öfund, erjur, og allt illt úr hjörtum þeirra; og þeir munu aðeins þrá að gera gott, koma réttlæti til leiðar og byggja upp ríki Guðs. Segðu bræðrunum, að fylgi þeir anda Drottins, muni þeir halda réttri stefnu“ (*Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith, 97–98*).

Ég bið þess að við megum þrá heilagan anda af einlægni og bjóða honum að vera með okkur í daglegu lífi. Ég bið þess einnig að við megum öll hlýða boðorðum Guðs staðfastlega og í raun meðtaka hinn heilaga anda. Ég heiti því, að allir þeir sem heyra eða lesa þennan boðskap geti hlotið þær blessanir sem spámaðurinn Joseph Smith og Brigham Young greindu frá.

Ég ber vitni um lifandi raunveruleika föðurins og sonarins. Ég ber vitni um að heilagur andi er opinberari, huggari og hinn fullkomni kennari sem við ættum að læra af. Og ég ber vitni um að blessanir og gjafir andans eru virkar í hinni endurreistu og sönnu og lifandi kirkju Jesú Krists á þessum síðari dögum. Um það vitna ég í heilögu nafni Drottins Jesú Krists, amen.